


| | |
|--|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 23.6.2016 |
| Málsnr: | 1511280 |
| Bréfal: | 212 |



ÞJÓÐKIRKJAN

Hafnarfjarðarbær
Hildur Bjarnadóttir, byggingarfulltrúi
Norðurhellur 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. júní 2016.

Efni: Ósk um mögulega grafartöku í Krýsuvíkurkirkjugarði.

Á fundi Kirkjugarðaráðs þann 13. júní s.l. var tekin fyrir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna beiðni Cornelis Aart Meijles og Trijntje Koers um möguleika á því að fá að verða grafín í Krýsuvíkurkirkjugarði þegar þau hafa kvatt þetta jarðlíf.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kom fram að kirkjugarðurinn í Krýsuvík sé orðinn meira en 100 ára. Í 2. mgr. 31. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, segir m.a. að niðurlagaðir kirkjugarðar séu friðhelgir og skulu taldir til fornleifa. Í lið a í 3. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, eru kirkjugarðar taldir upp meðal mannvistaleifa sem falla undir skilgreiningu laganna um fornleifar sem njóta friðunar ef þær eru eldri en 100 ára. Í 21. gr. sömu laga segir að enginn megi spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Síðast var jarðsettur í Krýsuvíkurkirkjugarð árið 1997. Þá var Sveinn Björnsson listmálari grafinn í garðinn, en þá hafði ekki verið jarðsett í garðinum í 80 ár en sérstakt leyfi veitt þar sem Sveinn hafði sterkar tengingar við staðinn. Ekki var litið svo á að leyfið væri fordæmisgefandi.

Í umsögn Minjastofnunar segir orðrétt „Eftir því sem Minjastofnun Íslands kemst næst hafa þau sem óskað hafa eftir greftrun í Krýsuvíkurkirkjugarði ekki önmur tengsl við staðinn en að hafa heimsótt hann og hrist af staðnum. Stofnun telur að með því að veita leyfi fyrir þessari greftrun gæti skapast fordæmi sem opnar fyrir óskir um fleiri greftranir í friðuðum kirkjugörðum. Minjastofnun Íslands telur að slík leyfi eigi einungis að veita í undartekningartilfellum. Minjastofnun Íslands leggst því gegn ósk Cornelis Aart Meijles og Trijntje Koers um að fá að vera grafín í Krýsuvíkurkirkjugarði“

Kirkjugarðaráð samþykkti á fundi sínum að fara eftir umsögn Minjastofnunar Íslands og leggst því gegn ósk Cornelis Aart Meijles og Trijntje Koers um að fá að vera grafín í Krýsuvíkurkirkjugarði.

Virðingarfyllst,
f.h. Kirkjugarðaráðs


Guðmundur Rafn Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs